



# PÚLSINN







**SKÓLABLAÐ GRUNDASKÓLA**
**1. tbl. - 15. árg.**
**Júlí 2010**

# Ávarp skólastjóra

Ágætu lesendur.
Hér fáið þið fyrsta eintak af rafrænum Púlsi, skólablaði Grundaskóla. Markmiðið er að Púlsinn komi út í lok hvers skólaárs og verði eingöngu á heimasíðu skólans í svokölluðu pdf-formi.

Efni Púlsins er að venju fjölbreytt. Það er unnið af nemendum en ritstjórar voru Sigurjón Jónsson og Ursula Ragna Ásgrímsdóttir, umsjónarkennarar á unglingastigi. Þau ritstýrðu einnig Fréttamolunum sem komu út nokkrum sinnum á skólaárinu 2009-2010. Þeir reyndust skemmtileg viðbót við fréttamiðla skólans og heilmikið lesnir ef marka má foreldra og aðra velunnara skólans.

Grundaskóli er annar af tveimur grunnskólum á Akranesi. Nemendur eru tæplega 600 og starfsmenn rúmlega 80 talsins. Grundaskóla er góður skóli vegna þess að hér eru frábærir nemendur sem eiga góða foreldra. Foreldrar hafa ávallt reynst skólanumvel, eru mikilvægir bakhjarlar sem gott er að leita til og vinna með. Grundaskóli ber einnig gæfu til að hafa starfandi virkt og mjög öflugt Hollvinafélag sem hefur látið gott af sér leiða á undanförnum árum. Í Hollvinafélaginu eru fyrrverandi nemendur og aðrir velunnarar skólans.

Við sem störfum í skólanum gerum faglegar kröfur til okkar sjálfra og til bæjaryfirvalda um að standa við bakið á okkur og styðja til góðra verka. Það er okkar að sjá til þess að skólastarfið þróist og breytist, sé bæði framsækið og metnaðarfullt. Við eigum að halda í metnað til allra verka, þetta metnaðarfulla viðhorf til alls þess sem við tökum okkur fyrir hendur og við eigum að tala um það og segja það upphátt. Við eigum að gera þá kröfu til nemenda og starfsmanna að þeir leggi sig alla fram, annað er óásættanlegt. Í skólastarfi skulu nemendur vera í öndvegi og fyrir þá er aðeins það besta nógu gott.

*Hrönn Ríkharðsdóttir,*
*skólastjóri.*










**PÚLSINN**

Skólablað
Grundaskóla, Akranesi

***Ábm.:***
Hrönn Ríkharðsdóttir

***Umsjón með útgáfu:***
Sigurjón Jónsson
Úrsúla Ásmundsdóttir

**Heimsíða Grundaskóla:**
www.grundaskoli.is
**Netfang Grundaskóla:**
grundaskoli@grundaskoli.is

PÚLSINN



# Bóndadagurinn í Grundaskóla

Á bóndadaginn var glatt á hjalla í 4.SÓ og margt gert til að gleðjast yfir því hvað við eigum frábæra og góða stráka í bekknum en það voru jafngóðar og frábærar stelpur í bekknum sem sáu um það.

Kennarinn kom öllum bekknum á óvart með því að koma með þorramat til að krakkarnir gætu smakkað. Það var harðfiskur, sviðasulta, súrir hrútspungar og síðast en ekki síst hákarl. Allir smökkuðu harðfiskinn og sviðasultuna en margir súru hrútspungana og hákarlinn.

Síðan fóru nokkrar stelpur í alla bekkina á yngsta stiginu til að fleiri gætu smakkað á góðgætinu. Að lokum angaði allt svæðið af þorramat og allt kláraðist.







PÚLSINN

# Bæjarstjórnarfundur unga fólksins

Þann 12. janúar var haldinn árlegur bæjarstjórnarfundur unga fólksins. Fundurinn var öllum opinn. Á fundinum tóku til máls nokkrir ungir bæjarfulltrúar og ræddu þeir sérhagsmunamál yngri kynslóða í bænum. Fulltrúar okkar úr Grundaskóla voru Sólveig Rún Samúelsdóttir og Valdís Marselía Þórðardóttir. Á fundinum komu fram margar góðar hugmyndir þar sem unga fólkið lagði bæjarstjórn lífsreglurnar.

Meðfylgjandi eru myndir frá fundinum.







PÚLSINN



# Dans- og söngvamynd í Grundaskóla

Eins og margir vita hefur Grundaskóli verið framsækinn í verkefnum sem snúa að kvikmyndagerð og hafa margar kvikmyndir og tónlistarmyndbönd litið dagsins ljós á síðustu árum. Hver man t.d. ekki eftir hinni ódauðlegu mynd Prógram? Á listabraut réðust nemendur og kennarar í eitt stórvirkið og bjuggu sér til dans- og söngvamynd sem frumsýnd var í vor. Fyrst var unnið að handritagerð og síðan í framhaldinu var samin tónlist, dansar og einnig þurftu nemendur að læra á nýtt klippiforrit. Að sjálfsögðu léku nemendur öll hlutverk og var vel heppnuð mynd sýnd fyrir alla eldri nemendur skólans.





## Spurt í 1. bekk



***Heiðar Logi***

1. *Af hverju þarf maður að vera í skóla?* Til þess að geta lært.
2. *Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?* Vinnumaður.
3. *Hvað finnst unglingum skemmtilegt að gera?* Spila á gítar og trommur.
4. *Hvað þarf maður að vera gamall til þess að fara á elliheimili?* 70 ára.



***Viktoría***

1. *Af hverju þarf maður að vera í skóla?* Til að læra.
2. *Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?* Læknir.
3. *Hvað gerir forsetinn?* Passar Ísland.
4. *Hvað finnst unglingum skemmtilegt að gera?* Að vera í tölvunni.

PÚLSINN

# Byrjendalæsi í Grundaskóla

Lestrarnám yngstu nemenda Grundaskóla fer fram samkvæmt aðferðum Byrjendalæsis en það er samvirk kennsluaðferð þar sem vinna með tal, hlustun, lestur og ritun er felld saman í eina heild og tengjast sértækir þættir móðurmálsins, svo sem hljóðvitund, réttritun, orðaforði, setningabygging, málfræði og skrift inn í ferlið. Meginmarkmiðið er að nemendur nái góðum árangri í læsi sem fyrst á skólagöngu sinni.



### *Starfið í skólastofunni*

Í Byrjendalæsi er unnið eftir þriggja þrepa kennsluáætlun. Hún hefst á því að nemendur hlusta á gæðatexta sem oftast tengist þemaverkefnum í samfélagsgreinum og náttúrufræði. Textinn er ræddur ítarlega og áhersla lögð á tengingu við fyrri þekkingu nemenda til að efla skilning þeirra á textanum, auðga orðaforða og orðskilning. Í framhaldi af því vinna nemendur með stafi, hljóð, orð og setningar en að því loknu taka við fjölbreytt verkefni í lestri, ritun og stafsetningu.



Í Byrjendalæsi er lögð rík áhersla á samvinnu nemenda og að námið fari fram í gegnum leik.























PÚLSINN







# Gleðivika í Grundaskóla

Aðra vikuna í október var gleðivika í Grundaskóla. Nemendur og starfsfólk komu þá saman og skemmtu sér og öðrum.

Að því loknu komu allir saman á sal og sungu saman nokkur vel valin lög.

Hér má sjá myndir frá samsöngnum sem var 8. október.

















PÚLSINN



# Halli og Gói í heimsókn

Það var mikið fjör á sal Grundaskóla í lok nóvember þegar þeir félagar Halli og Gói sóttu skólann heim. Skemmtunin er hluti af skipulagðri dagskrá skólans en í vetur hafa bæði tónlistamenn, leikarar og rithöfundar troðið upp á samsöng. Þeir félagar héldu uppi miklu fjöri með söng og leikjum. Svo vel var tekið undir í hópsöng að tónlistin barst um allt skólahverfið. Fleiri gestir eru væntanlegir í vetur en nemendur og starfsmenn geta haft áhrif á röð gesta með að senda inn ábendingu á Vefpúlsinn í leiknum, ***„Hverjum viltu bjóða í heimsókn í Grundaskóla?“***















PÚLSINN

# Lilleskolen

Í ár komu dönsku krakkarnir 12. maí og voru með okkur í 5 daga. Fyrstu nóttina gistu þau í Þorpinu, næstu þrjár nætur hjá krökkum úr árgangnum og svo síðustu nóttina aftur í Þorpinu. Þetta er í 8. sinn sem 7. bekkur tekur á móti krökkum frá Lilleskolen. Eins og áður var dagskráin þétt skipuð alla dagana. Þau skoðuðu HB-Granda, voru með okkur í skólanum, löbbuðu á Akrafjallið, fóru í dagsferð um Borgarfjörð, voru með ball í skólanum og fóru í sund alla daga.

Áður en dönsku krakkarnir komu höfðu okkar nemendur verið í tengslum við þau á netinu og þar að auki skrifað kynningarbréf á dönsku sem voru síðan prentuð út og send í löturpósti. Þessi heimsókn er þannig mjög hvetjandi fyrir dönskunámið. Móttakan og samveran er mikið nám í sjálfu sér og eins og einn nemandi orðaði svo skemmtilega í ritun um heimsóknina: „Það er erfitt að passa og hugsa um einn strák allan sólarhringinn í svona marga daga.“ Þetta verkefni gengi aldrei nema í góðri samvinnu við foreldrana og vilja allir, bæði dönsku kennararnir og við, þakka fyrir ógleymanlega daga.

















PÚLSINN

# Undir regnboganum

## *Árshátíð Grundaskóla 2010*









Dagana 23. - 25. mars var árleg árshátíð Grundaskóla haldin á sal skólans. Að þessu sinni bar hún yfirskriftina „Undir regnboganum“ sem tákn um það litríka skólastarf sem fer fram innan veggja skólans.

Í ár voru sýningarnar sex, auk tveggja nemendasýninga og sáu vel yfir 1000 gestir sýningarnar. Að venju eru það nemendur 1. – 6. bekk sem stíga á stokk en eldri nemendur eru virkjaðir til að sjá um sviðs- og tæknimál, miðasölu, förðun yngri nemenda og fleira sem til fellur undir leiðsögn starfsfólks skólans. Á bak við hverja sýningu er mikil vinna og þurfa allir að leggjast á eitt við að ná tilsettum árangri. Sú vinna er ekki unnin á einum degi heldur hefst hún mörgum vikum fyrir fyrstu sýningu. Úr hverju horni heyrist söngur og dansinn dunar sem





aldrei fyrr og skín áhugi og gleði úr hverju andliri.

Árshátíðin í ár tókst með miklum ágætum og sýndu nemendur og starfsfólk skólans enn og aftur hversu megnugt og hæfileikaríkt það er. Árshátíðin er ekki einungis kærkomið tækifæri nemendur og starfsfólk skólans heldur líka fyrir aðstandendur nemenda að sjá þá blómstra í leik og starfi.

*Kær kveðja*
*Árshátíðarnefnd*










PÚLSINN

# Kveðjubréf til Grundaskóla

Við, árgangur 1994 kveðjum nú Grundaskóla í byrjun júní. Eftir öll þessi eftirminnilegu ár sem við höfum verið hér hefur margt gerst og höfum við gengið saman í gegnum súrt og sætt. Höfum við bæði verið þekkt sem besti árgangurinn og óþekkasti árgangurinn sem hefur verið hér í skólanum. Þessi ólíki hópur hefur náð vel saman og álítum við krakkarnir í 10. bekk að við séum að fara hér út sem ein heild.

Það voru þær Margrét Ákadóttir og Hrönn Jónsdóttir sem tóku á móti okkur í 1.bekk árið 2000, þær leiddu svo bekkina næstu 4 árin en þau ár voru ansi skrautleg. Fyrstu tvö árin var 1.MÁ fyrir hádegi eða frá 8-12 og 1.HJ eftirhádegi frá 13-17. Vegna þessara skiptingar var mikill rígur á milli bekkjanna og hlægjum við nú að þeim stundum. En í fyrsta til fjórða bekk var mikið fjör. Sem dæmi má nefna ,,Kóngulóaleikinn" og ,,Kiss, kiss" þar sem Jónas elti stelpurnar látlaust og reyndi að kyssa þær. Auk þess muna flestir eftir þessari eftirminnilegu setningu sem María Rós sagði í fjórða bekk: ,,mhm kakó, gott kakó". Það voru nú oft haldnar brunaæfingar og munum við helst eftir því þegar Steinunn hljóp inn eftir nýja pennaveskinu sínu og gallanum sínum því hún vildi ekki að það myndi brenna inni. Einnig má nefna að þegar við vorum í öðrum bekk voru Trausti og Ómar í heimilisfræði að leika sér að skrúfa fyrir og frá vatninu. Það endaði með ósköpum því kraninn skaust af og allt vatnið sprautaðist út um allt.

Í fimmta bekk tók svo Margrét Rós við af Möggu Áka og Berglind Þráins tók við af Hrönn. Má nú segja að tímabilið frá fimmta upp í sjöunda bekk megi kalla ,,brjálaða tímabilið". Á þeim tíma voru allir strákarnir að spyrja stelpurnar hvort þær vildu byrja með sér inni á MSN. Bekkurinn hennar Margrétar Rósar var svo hávær og óþekkur að Margrét Rós þurfti „míkrafón" til að koma sínum skilaboðum á framfæri. Míkrafónninn var ekki lengi í notkun því strákarnir gátu ekki látið hann vera og Atli öskraði svo hátt í hann að hann eyðilagðist. Einnig má nefna þegar Kalli skrifaði með ósýnilegum penna á vegginn inni á baði ,,Margrét skrímsli" og má nú segja að hún hafi ekki verið sú ánægðasta þegar hún frétti af þessu. Við getum rifjað upp endalausar sögur frá sjötta bekk og má segja að þetta hafi verið einn viðburðaríkasti tími skólagöngunnar.













Í byrjun sjöunda bekkjar var bekkjunum skipt í þrjá bekki sem við þekkjum enn þann dag í dag. Vorum við þá fjölmennasti árgangur skólans. Þá komu nýir kennarar en það voru þær Steinunn Guðmundsdóttir, Vilborg Helgadóttir og Laufey Karlsdóttir. Ekki voru allir sáttir með þessa skiptingu og féllu mörg tár þegar komist var að niðurstöðu um það hverjir voru með hverjum í bekk. Sem dæmi má nefna, hópuðust nokkrar stelpur saman og földu sig inni í kústaskáp grátandi og Heiðrún lamdi Villu því hún var svo ósátt með þessar niðurstöður.

Þetta árið komu Danirnir í heimsókn og var það mjög viðburðarríkt þar sem tilfinningarnar ólguðu og pörin mynduðust en þurftu svo að skiljast að því þeir þurftu að fara til síns heimalands. Mátti sjá greinileg ummerki á árgangnum sem benti til þess að Danirnir hefði komið í heimsókn því þeir skyldu eftir sig svo kallað ,,hnakkadú" sem nokkrir strákar í árgangnum tóku upp og sprönguðu um skólann með hárið út í loftið. Ekki var lát á dramanu því stuttu seinna fór allur árgangurinn í Reykjaskóla og mynduðust þar ennþá fleiri pör og þjappaðist hópurinn saman.

Þá vorum við komin í áttunda bekk og vorum þar með hluti af unglingadeildinni og ótrúlega ,,fullorðin". Þá kom líka hinn alkunni Einar Viðarson og tók við einum bekknum og hristi upp í árgangnum með sínum einstaka húmor. Gelgjuskeiðið var í hámarki í áttunda bekk og mynd-



PÚLSINN



uðust þar enn fleiri kærustupör. Á þessum tíma vorum við að fermast og gengum við þá í fullorðinna manna tölu. Munum við eftir þeirri sögu þegar stöllurnar Hekla og Stefanía voru reknar úr tíma fyrir hlátrasköll. Fólk var ekki lengi að frétta af tíðundunum og þegar leið að hádegi var allur árgangurinn búin að frétta af þessu atviki. Allar stelpurnar gengu um með plokkaðar augabrúnir, litað hár, gervineglur og brúnar eins og þær væru nýkomnar frá Spáni.

Níundi bekkur gekk í garð og Flosi Einarsson kom við sögu þegar hann tók við af Villu. Margir úr árgangum tóku þátt í söngleiknum Vítahring og var æft látlaust í fleiri vikur og á endanum var hann svo frumsýndur og sýndar voru nokkrar sýningar. Margt gerðist hjá nýja bekknum hans Flosa t.d. þegar Ragnar Þór ældi í miðjum tíma og neitaði að fara heim og þegar Elísa tók í föt Steinunnar og þar af leiðandi datt hún beint fram fyrir sig á stól og fékk skurð fyrir ofan augað og enn sjá ummerki þess þar sem stærðarinnar ör mun fylgja henni til æviloka.

Jæja, nú erum við loksins komin í tíunda bekk og finnum við fyrir þeirri ábyrgð sem fylgir því að vera elst í skólanum. Margt hefur gerst í ár og getum við ekki verið sáttari með skólagönguna. Hefur þetta ár verið viðburðarikt rétt eins og öll hin árin. Helst má þó nefna viðburði eins og Húllum Hæ daginn og fótboltamótið sem var haldið hér í unglingadeildinni. Til dæmis þegar 10. EV vann húllum hæ en gekk þá öll unglingadeildin út úr íþróttahúsinu. Kom upp þá mál á ,,Facebook" sem enginn mun gleyma. Munum við líka öll minnast þess þegar stúlkurnar í 10. FE voru í öðru sæti á fótboltamótinu. Sumir urðu móðgaðri en aðrir og má nefna það atvik þegar ónefndur aðili a.k.a. Jónas Kári hellti úr skálum reiði sinnar í mötuneytinu. Munum við líka ávallt minnast þessara setningar sem Laufey sagði við Alex Þór: ,,Alex, ef ég væri









jafngömul og þú væri ég búin að berja þig."

Hafa þetta verið áhrifarík ár hér í Grundaskóla og yfirgefum við nú skóla þennann með góðar minningar í farteskinu. Hlökkum við mikið til að halda út í lífið og viljum við skila ævivarandi þakkarkveðjum til allra þeirra sem komið hafa að sögu okkar hér í Grundaskóla

*Kær kveðja*
*Árgangur ´94*

















# Óskaveröldin

## *Uppeldi til ábyrgðar – Uppbyggingarstefnan*

Nú í vor ákváðum við í 7. bekk að leggja áherslu á að vinna verkefni sem tengjast með beinum og óbeinum hætti uppeldisstefnu skólans.

Við ákváðum að gera bók um óskaveröldina og krakkarnir höfðu flest saumað bókarkápur í fyrra í textílmennt sem við notuðum sem umgjörð um verkefnið. Bókin heitir Óskaveröldin mín og er uppgjör nemandans og vinnuframlag á vorönninni. Í bókinni eru ýmiss konar verkefni sem tengjast þeirra óskaveröld (quality world) svo sem verkefni um hverjar eru þeirra sterkustu þarfir, eitthvað um áhugamál og fjölskylduna, hvernig þau huga að sinni geðrækt og sjálfsuppbyggingu og mörg fleiri verkefni.

Þar sem að þetta var orðin vorvinnan þeirra vildum við hafa vitnisburðinn líka með í bókinni svo að þetta yrðir eins konar lokauppgjör fyrir veturinn. Við reyndum að hafa verkefnin, opnari, fjölbreyttari og meira skapandi. Í dönsku tóku krakkarnir munnlegt próf, í ensku teiknuðu þau geimveru og gerðu verkefni með henni, íslenskuuppgjörið er textavinnan í bókinni, í stærðfræði teiknuðu þau þríhyrningamunstur, í samfélagsfræðinni var metið verkefnið þeirra um Evrópu.

Í lok skólans voru síðan formleg skólaslit með afhendingu bókarinnar.





















# Hjóladagur

Föstudaginn 21. maí var haldinn hjóladagur í Grundaskóla. Komið var fyrir hjólaþrautum á tveimur stöðum á skólalóðinni. Þrautirnar voru mis-erfiðar og voru fyrir 1.-4. bekk og 5.-9. bekk. Mikil aðsókn var í þrautirnar en reiknuðust þátttakendur rúmlega 400 og virtist sem allir skemmtu sér vel bæði nemendur og starfsfólk. Við í umferðardeildinni vonumst til að endurtaka leikinn að ári og höfum við hug á að gera enn betur þá. Höfum við fengið góðar ábendingar og þökkum við fyrir þær. Ennfremur viljum við þakka þeim sem hjálpuðu til á einn eða annan hátt hvort sem það var við tímatökur, tiltekt, aðstoð í braut eða val á veðri!

# Gangbrautavarslan

Undanfarin ár hafa nemendur í 10. bekk Grundaskóla séð um gangbrautavörslu í dimmasta skammdeginu. Fyrir gangbrautavörsluna fá 10.bekkingar greitt í lokaferðarsjóð sinn. Markmiðið með þessu er að tryggja öryggi nemenda og annarra gangandi vegfarenda í umferðinni,vekja upp samkennd og brúa bilið á milli elstu og yngstu nemenda skólans. Staðsetning varðanna var á Víkurbraut, horni Innnesvegar og Garðabrautar og á Garðagrund til móts við Samkaup(Grundaval). Verkefni þetta stóð frá 1. desember 2009 til 2. apríl 2010. Virkilega gott framtak og gott verkefni fyrir elstu nemendurna.



## Spurt í 2. bekk



**Oliver Helgi**

1. *Af hverju þarf maður að vera í skóla?* Til þess að geta lært að lesa fyrir börnin sín.
2. *Af hverju dreymir mann drauma á nóttunni?* Til þess að maður nái að sofna.
3. *Hvað finnst unglingum skemmtilegt að gera?* Spila tónlist, vera í tölvunni og fara út með stelpum.
4. *Hvað er kreppa?* Þegar allt verður dýrt og allt kostar meira.



**Matthildur**

1. *Hvað gerir forsetinn?* Ekkert.
2. *Hvað ætlar þú að verða þegar þú verður stór?* Hestakona.
3. *Af hverju dreymir mann drauma á nóttunni?* Af því að ég vil dreyma.
4. *Hvað finnst unglingum skemmtilegt að gera?* Sitja í tölvunni á Facebook.

PÚLSINN

# Reykjaskóli í Hrútafirði



Mikil óvissa ríkti fram eftir vetri um hvort að hægt yrði að fara með 7. bekk í Reykjaskóla þetta árið. Óvissunni lauk með því að foreldrar tóku af skarið ræddu við skólayfirvöld og niðurstaðan varð sú að foreldrar stæðu fyrir fjáröflun til að komast í ferðina.

Við lögðum síðan upp í ferðina mánudaginn 19. apríl. Mikil tilhlökkun ríkti hjá krökkunum og spenna í kringum niðurröðun í herbergi. Með okkur í Reykjaskóla voru nemendur úr Kópavogsskóla og Hamraskóla. Krakkarnir kynntust mjög vel á milli skólanna og vilja gjarnan halda áfram meira samstarfi. Í skólabúðunum eru




















## Dagur íslenskrar tungu

Grundaskóli hélt dag íslenskrar tungu hátíðlegan með margvíslegum hætti.

Nemendur í 1. og 2. bekk héldu upp á daginn með því að fá börn af elstu deildum leikskólanna í heimsókn. Öll börnin stigu á stokk, fóru með þulur, sungu eða dönsuðu. Þóra, sögukonan okkar, sagði börnunum sögu um Depil og að lokum sungu allir saman.

Dagur íslenskrar tungu er upphafsdagur Stóru upplestrarkeppninnar, sem er fyrir 7. bekk. Af því tilefni kom 5.-7. bekkur saman á sal og hlýddu á upplestur nemenda sem tóku þátt í keppninni í fyrra. Þar næst söng allur 5. bekkur og í hópnum leyndist rappari frá Ísafirði, sem heitir Trausti Már Ísaksen. Trausti hafði samið texta um nemendur í árgangnum og var það hin besta skemmtun og flottur flutningur hjá Trausta. Að lokum sungu stúlkur úr 6. bekk og voru þar á ferð efnilegar söngkonur. Þetta voru þær Aldís Eir Valgeirsdóttir og Aldís Lind Benediktsdóttir.

Rithöfundar heimsóttu nemendur á öllum stigum skólans. Unglingadeildin fékk heimsókn frá þeim Aðalsteini Ásberg rithöfundi og Svavari Knúti sem fræddu nemendur um Stein Steinar með tónlist, myndum og ýmsum fróðleik.







sömu markmið og í almennum grunnskólum. Lögð er áhersla á að auka samstöðu, að auka félagslega aðlögun, að þroska sjálfstæði, að nemendur fáist við áður óþekkt viðfangsefni, að kynnast nýju umhverfi og ólíkum lífsmáta. Einnig er lögð áhersla á að örva löngun nemenda til að athuga og rannsaka umhverfið og komast að niðurstöðu.

Okkur finnst að þessi markmið hafi náðst og við teljum að þessi ferð gefi nemendum tækifæri sem ekki bjóðast í skólanum. Börnin hafa til dæmis ekki upplifað að vera í mötuneyti fimm sinnum á dag og verða að borða allt sem í boði er. Það er líka mikil áskorun að þurfa að sjá um dótið sitt í 5 daga, hugsa um blaut handklæði og íþróttaföt, vera klædd eftir veðri og passa myndavélar og fleira.

Þessi ferð er ómetanleg fyrir börnin og ein mesta lífsleikni sem þau hafa tekist á við saman sem hópur. Gildi ferðarinnar halda áfram að koma í ljós löngu eftir að heim er komið og sýna sig í aukinni samstöðu, meiri tillitssemi, vellíðan og umhyggju.



PÚLSINN









## *Hreyfistrætó*

Þann 3.maí 2010 fór Grundaskóli af stað með hreyfistrætó með farþegum úr 1.,2. og 3.bekk. FEBAN (Félag eldri borgara á Akranesi og nágrennis) sáu um að manna strætóstjórastöðurnar fyrstu vikuna en verkefni þetta var í 3 vikur, alla virka daga. Börn sem ganga eða hjóla í skólann eru líklegri til að tileinka sér það áfram og gera að lífstíl. Rannsóknir sýna að hreyfing eykur andlega vellíðan, þjálfar hreyfifærni, eykur líkamshreysti og minnkar líkur á ýmsum sjúkdómum. Markmiðið með Hreyfistrætó er m.a. að efla hreyfingu barna, minnka umferð og mengun í kringum skólann, þjálfa barnið í lífsleikni, auka sveigjanleika fjölskyldunnar á morgnana, auka félagsleg tengsl og auka öryggi barna í umferðinni.

Þátttaka var nokkuð góð í verkefninu en það fór einnig eftir veðri. Mjög gaman var að tengja saman unga og aldna í þessu skemmtilega og heilbrigða verkefni.

PÚLSINN



# Dyfra

## *Smáaga*

Ég leit í kringum mig en sá ekkert, móðan umlukti mig. Ég sá aðeins fáeina metra frá mér. Ég gekk áfram en þorði ekki að fara of langt. Hvítan virtist hafa áhrif á öll skilningarvit, það var næstum eins og ég liði áfram í draumi. Ég kom að lítilli lækjarsprænu og ákvað að bíða blinduna af mér. Ég settist niður á stein og horfði eftir læknum, sá vatnið renna burt og hverfa inn í hvítu móðuna. Ég þorði rétt svo að vona að ég færi að sjá til fyrr en síðar.

Ég hugsaði til baka til fjölskyldunnar á bænum. Lúkas, sem kunni ekki að lesa en gat þó þulið upp óendanlega mikið af kvæðum. Konan hans, hún Ingibjörg, sem hafði boðið mér að gista enn eina nóttina. Börnin þeirra tvö, Egill og Lína, þau voru á fjórða og fimmta aldursári og þrátt fyrir að eiga það til að rífast eins og hundur og köttur þá gátu þau látið eins og algjörir englar.

Svo var það Mummi, maðurinn sem hafði komið í heimsókn á bæinn tveimur dögum eftir að ég kom. Mér hafði ekki líkað hann. Hann var lyrgjulegur strigabassi sem virtist vís til alls. Það gengu líka sögur um það að hann byggi yfir kröftum sem væru ekki af okkar heimi. Ég vissi nú ekki hvað var til í því, en eitt vissi ég og það var það að ég þurfti ekki nema svo mikið sem líta í augun á honum og þá fór hrollur um mig.

Kvöldið áður en ég fór, urðu snörp orðaskipti okkar á milli. Hann hafði verið með einhver námæli við mig sem mér var illa við svo að ég sagði honum að vera ekki að því að stinga nefinu ofan í hvers manns kopp. Hann varð reiður og innan skamms hafði heiftarlegt rifrildi brotist út okkar á milli. Hann hafði látið þung orð falla, svo þung að þau jöðruðu við lífhótanir. En ég hafði ekki látið það á mig fá en ónotatilfinning hafði komið sér fyrir innra með mér og því ákvað ég að flýta brottförinni heim og lagði í hann daginn eftir.

Ég hafði lagt af stað snemma um morguninn, þá var aðeins rétt slæðingur efst í fjöllunum svo að ég átti von á því að ferðin yrði fljótfarin og að ég yrði komin aftur heim áður en ég vissi. Ég hafði kannski gengið í rétt tæpan hálftíma þegar allt skyggni var skyndilega horfið og ég reikaði um í tóminu sem móðir náttúra var búin að útbúa mér. Ég vissi hvorki hvað klukkan var orðin eða hvar ég var stödd, hvort ég var enn á réttri leið eða ekki. Ég stóð upp, klifraði upp á steininn og kallaði út í tómið.

„Halló! Er einhver þarna?“ kallið fjaraði út og varð að engu. Ég beið, en fékk ekkert svar svo ég settist aftur niður óánægð með framvindu mála. Með þessu áframhaldi yrði ég föst fram á kvöld. Eftir nokkra stund heyrði ég blístur koma frá tóminu. Í fyrstu var það lágt, svo lágt að ég heyrði það næstum því ekki. En blístrið hækkaði með hverri sekúndu og brátt heyrði ég það svo skírt og greinilega að það hefði mátt halda að sá sem blístraði stæði við hliðina á mér.

„Halló? sagði ég en blístrið hætti skyndilega. Það varð algjör þögn og ég beið eftir því að þessi ókunnugi skyldi svara mér. En eftir nokkra stund hafði enn ekki heyrst múkk og ég stóð upp, afskaplega forvitin um það hver eða hvað væri þarna. Blístrið byrjaði aftur, en nú var það lengra í burtu. Ég rann á hljóðið og gekk í þá átt sem það kom.

Ég gekk og gekk, en hikaði skyndilega. Átti ég virkilega að elta hljóðið? Var ég viss um að þetta væri ekki einhver yfirnáttúrulegur vættur eða draugur sem væri að leiða mig í gildru? Ég hafði nú aldrei verið hjátrúafull og ætíð gætt mín á því að taka öllum sögusögnum með varúð og trúa ekki öllu sem ég heyrði né las, en ég leyfði mér að efast um það hvort þetta skringilega blístur væri náttúrulegt. Ég beit á jaxlinn, óviss um það hvaða ákvörðun ég ætti að taka en hélt samt áfram.

Ég hafði gengið í fáránlega langan tíma, bæði upp í mótið og





niður brekkur, yfir tún og niðri við sjávarmálið, en blístrið virtist alltaf vera jafn fjarlægt og drunginn alveg jafn þykkur og áður. Höfðu álög verið lögð á mig? Var Mummi að hefna sín eftir irringar okkar kvöldið áður? Varirnar kipruðust um leið og bölsýnin helltist yfir mig. Ef til vill voru þetta örlög mín. Að reika um í eilífri dumbu í leit að leiðinni heim. Tárin brutust fram og runnu niður kinnar mínar, ef til vill fengi ég aldrei að hitta fjölskyldu mína aftur. Ég fengi aldrei að sjá bjarta sólina, silfrað tunglið, blátt hafið eða græn engin.

Blístrið snarþagnaði og ég stansaði, óviss um það hvar ég væri niðurkomin. Þó svo að ég þekkti landið í heimasveitinni eins og lófann á mér virtist öll ratvísi hverfa um leið og móskan birtist og það var eins og ég væri stödd í allt öðrum heimi. Ég þerraði tárin og virti umhverfið fyrir mér, eða að minnsta kosti það litla sem ég gat séð. Það voru daggardropar á grasstráunum og þær fáu sóleyjar sem ég sá voru í fullum blóma. Ég gekk tvö skref áfram og teygði mig eftir einu gulu blómanna. En um leið og ég ætlaði að taka í blómið sá ég eitthvað dökkt sem lá á jörðinni rétt fyrir framan mig. Ef ég hefði verið einu skrefi aftar þá hefði ég ekki séð það. Ég gekk að því og beygði mig niður til þess að virða hlutinn fyrir mér. Þetta var tréspýta sem undarleg tákn höfðu verið skorin út í. Ég þekkti ekki táknin, en þau minntu mig á rúnartáknin sem við höfðum lært um í skólanum. Ég tók spýtuna upp en missti hana næstum því strax aftur því að blístrið ómaði allt í einu mun hærra en áður. Svo hátt að ég hélt að hljóðhimnurnar ætluðu að springa. Hendurnar á mér skulfu og ég krepptist saman og ógurlegur höfuðverkur gaus upp.

Ég leit á spýtuna og áttaði mig á því að blístrið kom frá henni. Ég lyfti spýtunni upp og braut hana á öðru hnénu. Um leið og spýtan splundraðist í tvo hluta þagnaði blístrið. Ég missti hlutana tvo úr höndunum af skyndilegu magnleysi og stóð eins og þvara, óviss um það hvað hefði gerst. En smátt og smátt byrjaði óhugnanleg hulan að hverfa. Mér leið eins og blindum manni sem hafði verið gefin sjónin á nýjan leik. Bros myndaðist á vörum mínum og ég fann ómælanlega gleði myndast innra með mér.

Smátt og smátt fór ég að kannast við umhverfið og ég áttaði mig á því að ég var ekki fjarri frá þeirri leið sem ég hafði verið á áður en brækjan hafði birst. Ég hafði örugglega verið að fylgja einhverjum ómögulegum krókaleiðum í kringum einfaldan slóðann sem ég hafði verið fyrst á. Ég leit niður á spýtuhlutana tvo og vissi vel hver átti sökina á þessu, og ég vissi líka



# *Rúmfræðiverkefni 10. bekkinga*

Í janúar hafa nemendur í 10. bekk verið að vinna í rúmfræði-verkefnum. Nálgunin að þessu sinni er fremur óhefðbundin og hugsuð sem jafningja-fræðsla. Nemendur fengu það verkefni að útskýra hver fyrir öðrum ýmsar reikniaðferðir í rúmfræði og flestir völdu þá leið að nota tæknina og gerðu stutt kennslumyndbönd sér og öðrum til mikillar skemmtunar og fræðslu. Á meðfylgjandi myndum má sjá nokkra nemendur við vinnu sína.







# Sjávarútvegsþema 9. bekkjar

Í byrjun mars stóð yfir sjávarútvegsþema í 9. bekk. Nemendur ásamt kennurum og kennaranemum fóru í þrjár vettvangsferðir. Fyrst var farið í þriggja klukkustunda gönguferð um Akranes þar sem farið var yfir sögu bæjarins bæði hvað varðar fyrirtæki, hús og sjávarútveg. Þrátt fyrir öll möguleg og ómöguleg veðurbrigði stóðu allir sig með miklum sóma, voru jákvæðir og glaðir.

Næst var farið á Byggðarsafnið og Jón Allansson fór með nemendum yfir sögu sjávarútvegs á Akranesi. Að lokum var farið í fiskvinnslu HB Granda og hún skoðuð undir leiðsögn Þrastar Reynissonar og skein áhugi úr hverju andliti og var heimsóknin mjög vel heppnuð.

Krakkarnir tóku mikið af myndum ásamt því að allar ferðirnar voru teknar upp á video. Þau unnu síðan við að klippa efnið til og gera úr því heimildamyndir. Krakkarnir unnu því næst í hinum ýmsu hópum, m.a þar sem þau heimsóttu fyrirtæki og tóku viðtöl, gerðu útvarpsþátt, unnu að gerð heimasíðu með upplýsingum um sjávarútveg, ásamt því að skipuleggja skreytingar og dagskrá á lokakvöldinu.

Einn hópur sá um að útbúa hina ýmsu fiskrétti sem voru á boðstólnum á lokakvöldi þemans þar sem nemendur sýndu afrakstur vinnu sinnar.













PÚLSINN







# Stórabókin hjá 2. bekk

Í 2. bekk unnu börnin Stórubókina eins og hefð er fyrir. Hvert barn bjó til sína eigin bók. Verkefni bókarinnar voru síðan unnin jafnt og þétt allan veturinn.

Verkefni bókarinnar eru þemaskipt og fjölbreytt en þau snúa öll að börnunum sjálfum og veröld þeirra. Dæmi um verkefni eru líkaminn minn, fjölskyldan og þegar ég var lítill. Það sem er svo skemmtilegt við þessa vinnu er að verkefnin höfða svo vel til barnanna þar sem þau snúa að þeim sjálfum. Öll vilja segja frá sjálfum sér sem og eru fús að fræðast um sína nánustu. Það getur t.d. verið mjög fróðlegt og skemmtilegt að taka viðtal við ömmu gömlu og spyrja hana út í hennar skólagöngu eða teikna upp beinagrind. Samhliða verkefnunum sem fara inn í bókina eru ýmis önnur verkefni unnin sem tengjast viðkomandi þema s.s. lesnar bækur, unnið með námsspil, sungið og dansað og leikin leikrit.

Í vor var síðan haldin kynning þar sem börnin fengu tækifæri til að kynna afrek vetrarins.





# Umferðarland

Í desember var söngleikurinn Umferðarland eftir þá Einar Viðarsson, Flosa Einarsson og Gunnar Sturlu Hervarsson, frumsýndur á sal Grundaskóla.

Eins og nafnið gefur til kynna, fjallar hann um hætturnar í umferðinni og nauðsyn þess að fara eftir settum reglum og bera virðingu fyrir umhverfi sínu. Söngleikur þessi var hugsaður fyrir yngstu nemendur skólanna en að sjálfsögðu hefur fólk á öllum aldri hafa gaman af honum líka. Farin var sú leið að blanda saman lifandi leikurum og brúðum og fengum við m.a. hinn þekkta brúðugerðarmann Bernd Ogrodnik til að hjálpa okkur að komast af stað í brúðugerðinni. Söngleikurinn fjallar um Betu sem þarf í fyrsta sinn að labba ein í skólann og lendir í alls konar ævintýrum á leiðinni og þarf að glíma við hrekkjusvín og skemmdarvarga auk þess sem hún lendir inni í nýjum heimi sem heitir Umferðarland.

Söngleikur þessi er settur upp af nemendum á Listabraut í 8.-10 bekk í Grundaskóla en þar eru um 90 nemendur sem með einum eða öðrum hætti koma að uppsetningu söngleiksins. Söngleikurinn er u.þ.b. 30 mínútur að lengd og stendur til að bjóða krökkum frá leikskólum bæjarins til að koma og sjá sýningu auk yngstu nemenda Brekkubæjar-skóla. Öllum nemendum Grundaskóla var auk þess boðið að sjá sýninguna.

*Kv. Flosi*









PÚLSINN




## Sælla er að gefa en þiggja

Við í 4. bekkjum Grundaskóla höfum verið að útbúa jólagjafir handa börnum í Úkraínu. Í upphafi var markmiðið að við myndum kannski safna í tvo til fjóra skókassa, jafnmarga kassa handa hvoru kyni fyrir börn á aldrinum 5-9 ára. Foreldrar og nemendur bekkjanna hafa tekið svo vel í verkefnið að núna safnaðist í 10 kassa í árganginum. Allir krakkarnir í árganginum hafa hjálpað til á einn eða annan hátt. Þeir hlutir sem mega fara í skókassana eru í fimm flokkum: leikföng, sælgæti, hreinlætisvörur, föt og skóladót. Börnin sem fá pakkana munu örugglega gleðjast þegar þeir opna þessa fallegu jólapakka. Það hefur gefið börnunum í 4. bekk mikið að vinna í þessu verkefni og hefur máltækið "Sælla er að gefa en þiggja" sannað sig.

*Kær kveðja, nemendur í 4. bekk*

## Umferðarskilti afhent Grundaskóla

Föstudaginn 30. október afhentu nemendur 1. bekkja í Grundaskóla bæjarstjóranum og lögreglustjóranum á Akranesi ný umferðarskilti sem fyrirhugað er að setja upp við grunnskólana í bænum. Á skiltunum er hvatt til tillitssemi og varkárni í umferðinni ekki síst í nágrenni grunn- og leikskóla þar sem börn eru á ferðinni.

Verkefnisstjórar Grundaskóla í umferðarfræðslu höfðu veg og vanda af framkvæmdinni en nutu stuðnings ýmissa aðila. Eru þeimhér með færðar þakkir.

Meðfylgjandi myndir voru teknar við afhendingu skiltanna.




PÚLSINN



# Ungir Gamlir

Tónlistarverkefnið Ungir-Gamlir er nú orðinn fastur liður í menningarlífi Akurnesinga. 29.okóber s.l. voru tvennir tónleikar í Bíóhöllinni og voru þeir vel sóttir því færri komust að en vildu. Þetta var í fjórða skiptið sem þetta verkefni var unnið í grunnskólum Akraness og í annað skiptið í samvinnu við Tónlistarskóla Akraness. Markmiðið með því að halda slíka tónleika er að bjóða efnilegum tónlistarmönnum á Akranesi upp á tækifæri til að iðka tónlist við bestu aðstæður, í góðum sal, frábæru hljóðkerfi og með aðstoð atvinnumanna.

Margir gestir hafa komið við sögu síðustu 3 árin og má þar nefna, Andreu Gylfadóttur, Bogomil Font, Jón Jósep Snæbjörnsson, Magna Ásgeirsson, Margréti Eir Hjartardóttur, Heru Björk Þórhallsdóttur og Eirík Hauksson. Að þessu sinni var það sjálfur veðurguðinn Ingó sem var gestur okkar. Hann stóð fyrir frábærum samsöng í báðum grunnskólunum auk þess sem hann kom fram með hljómsveit hússins, unglingahljómsveit og sönghóp á tónleikunum sjálfum. Það er frábært að sjá hvað við eigum marga efnilega tónlistarmenn á Akranesi og einnig er gaman að sjá hvað margir hafa haldið áfram í tónlist og er það síður að fá alltaf gamla nemendur skólanna til að koma fram á tónleikunum. Að þessu



